

Sp.

953. Skýrsla

[516. mál]

um norrænt samstarf frá mars 1987 til mars 1988.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og í fastanefndir Norðurlandaráðs.

Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fer fram í sameinuðu Alþingi og gildir frá kjördegi og þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Kjör fulltrúa fór fram 20. desember 1986 og gildi sú kosning til 3. nóvember 1987 er kosið var á ný.

Eftirtaldir þingmenn hlutu kosningu þann 20. desember 1986: Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Eiður Guðnason og Haraldur Ólafsson. Varamenn voru kjörnir þingmennirnir: Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson, Árni Johnsen, Hjörleifur Guttormsson, Salome Þorkelsdóttir, Stefán Benediktsson og Guðmundur Bjarnason.

Á fundi sama dag skipti Íslandsdeild Norðurlandaráðs þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var kjörinn formaður hennar og fulltrúi í fjárlaga- og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Hann var auk þess tilnefndur í forsætisnefnd ráðsins. Páll Pétursson var kjörinn varaformaður Íslandsdeildar og fulltrúi í efnahagsmálanefnd ráðsins auk þess sem hann var tilnefndur í forsætisnefnd. Friðjón Þórðarson var kjörinn í laganefnd, Guðrún Helgadóttir í samgöngumálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt, Pétur Sigurðsson var kjörinn í félags- og umhverfismálanefnd, Eiður Guðnason í menningarmálanefnd og fjárlaga- og eftirlitsnefnd og Haraldur Ólafsson var kjörinn í efnahagsmálanefnd og tilnefndur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. 35. þing

Norðurlandaráðs kaus 23. febrúar 1987 að tillögu Íslandsdeildar Ólaf G. Einarsson og Pál Pétursson í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, Guðrúnu Helgadóttur og Harald Ólafsson í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og Ólaf G. Einarsson í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingabankans 1987–1989.

Að loknum alþingiskosningum 25. apríl 1987 áttu Pétur Sigurðsson, Haraldur Ólafsson, Árni Johnsen og Stefán Benediktsson ekki lengur sæti á Alþingi. Þær breytingar urðu þá á Íslandsdeild Norðurlandaráðs að Salome Þorkeldsdóttir tók sæti Péturs Sigurðssonar og Guðmundur Bjarnason sæti Haralds Ólafssonar. Við myndun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar 8. júlí 1987 varð Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í hans stað tilnefndi þingflokkur framsóknarmanna Valgerði Sverrisdóttur í Norðurlandaráð.

Þann 3. nóvember 1987 fór á ný fram kosning í Norðurlandaráð og voru þá eftirtaldir þingmenn kjörnir: Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Óli Þ. Guðbjartsson, Sverrir Hermannsson og Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn voru þá kjörnir Friðjón Þórðarson, Guðrún Agnarsdóttir, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson, Salome Þorkeldsdóttir og Guðni Ágústsson.

Á fundi sama dag skipti Íslandsdeild þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var endurkjörinn formaður deildarinnar og fulltrúi í fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins. Hann var auk þess tilnefndur í forsætisnefnd. Páll Pétursson var endurkjörinn varaformaður deildarinnar og fulltrúi í efnahagsmálanefnd og tilnefndur í forsætisnefnd. Guðrún Helgadóttir var kjörin í efnahagsmálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Eiður Guðnason var endurkjörinn í menningarmálanefnd en á auk þess sæti í fjárlaga- og eftirlitsnefnd sem formaður einnar fastanefndar, Óli Þ. Guðbjartsson var kjörin í samgöngumálanefnd, Sverrir Hermannsson í laganefnd og Valgerður Sverrisdóttir í félags- og umhverfismálanefnd auk þess sem hún var tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins 1989–1990 var Eiður Guðnason tilnefndur sem aðalmaður og Guðrún Helgadóttir sem varamaður.

Að tillögu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs kaus 36. þing Norðurlandaráðs Ólaf G. Einarsson og Pál Pétursson í forsætisnefnd, Guðrúnu Helgadóttur og Valgerði Sverrisdóttur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og Eiður Guðnason sem aðalmann og Guðrúnu Helgadóttur sem varamann í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs ákvað á fundi 2. mars 1988 að Eiður Guðnason tæki sæti í laganefnd Norðurlandaráðs strax að loknu 36. þingi ráðsins. Jafnframt var ákveðið að Sverrir Hermannsson tæki sæti Eiðs í menningarmálanefnd. Á fundi Íslandsdeildar 8. mars 1988 var nefndaskipan á ný á dagskrá og var þá ákveðið að Sverrir Hermannsson tæki sæti í félags- og umhverfismálanefnd og Valgerður Sverrisdóttir í menningarmálanefnd.

1.2. Fundir Íslandsdeildar og störf.

Á tímabilinu frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til loka 36. þings þess hélt Íslandsdeild Norðurlandaráðs tíu reglulega fundi, einn fræðslu- og umræðufund og einn fréttamannafund.

Á fundum sínum fjallaði Íslandsdeild m.a. um upplýsingastarf Norðurlandaráðs og kynnti sér þau myndbönd sem gerð hafa verið um norrænt samstarf og Norðurlönd. Í umfjöllun um þingmannatillögu um upplýsingastarf sem vísað var til deildarinnar til umsagnar lýsti deildin yfir því að upplýsingastarfið ætti að vera á vegum landsdeilda Norðurlandaráðs og á þeirra ábyrgð. Upplýsingadeild forsætisnefndar Norðurlandaráðs ætti að vera skrifstofum landsdeildanna til aðstoðar. Fjallað var og um dreifingu á þeim norrænu rannsóknarskýrslum sem fram til ársins 1987 hafa verið gefnar út af Norðurlandaráði, en nú í flestum tilvikum af ráðherranefnd Norðurlanda. Ábyrgð á dreifingu þeirra hvílir þó að mestu, eins og áður, á skrifstofum landsdeilda Norðurlandaráðs.

Í umfjöllun deildarinnar um tímaritið Nordisk Kontakt, sem gefið er út af Norðurlandaráði, kom fram að deildin væri í meginráttum ánægð með tímaritið og teldi þá breytingu sem gerð hefði verið á útliti og efni þess hafa verið til bóta. Sú skoðun kom fram að æskilegt væri að fleiri þingmenn skrifuðu í tímaritið. Ákveðið var að fela starfsfólki deildarinnar að senda þeim aðilum, sem fá tímaritið sent endurgjaldslaust, fyrirspurn um það hvort þeir óskuðu eftir að fá það sent framvegis. Einnig var ákveðið að senda það bókasöfnum og framhaldsskólum landsins.

Deildin lýsti yfir eindreginni andstöðu við tillögu frá upplýsingastjóra forsætisnefndar-skrifstofu Norðurlandaráðs um að birtar yrðu heilsíðuauglýsingar um norrænt samstarf og Norðurlandaráð í helstu dagblöðum á Norðurlöndum. Deildin taldi eðlilegra að verja fjármunum til styrktar tímaritinu Nordisk Kontakt og jafnvel að gefa út eitt eða tvö vegleg tölublöð á ári þar sem starf Norðurlandaráðs yrði kynnt og efninu beint til breiðari hóps lesenda en venjulega.

Fimm íslenskir fréttamenn, þeir Jóhannes Tómasson, Friðrik Indriðason, Árni Þórarinnsson, Aðalsteinn Ingólfsson og Sverrir Albertsson, hlutu norræna fréttamannastyrki samtals að upphæð 50 000 sænskar krónur árið 1987 að tillögu Íslandsdeildar.

Deildin taldi að umfjöllun Alþingis um norrænt samstarf og Norðurlandaráð yrði ítarlegri ef sérstök umræða yrði um norrænt samstarf í stað þess að hún færi fram í tengslum við skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál. Formanni deildarinnar var því falið að beina þeirri ósk til Matthíasar Á. Mathiesen, samstarfsráðherra Norðurlanda, að hann legði fyrir Alþingi skýrslu um starf ráðherranefndar Norðurlanda sem sérstakt mál. Skýrsla Íslandsdeildar yrði þá tekin til umræðu um leið og skýrsla ráðherrans.

Þann 2. febrúar 1988 efndi Íslandsdeild Norðurlandaráðs til fræðslu- og umræðufundar um Norðurlönd og Evrópubandalagið. Til fundarins var boðið samstarfsráðherra Norðurlanda, utanríkismálanefnd Alþingis og fulltrúum Alþingis í þeim alþjóðastofnunum sem það á aðild að. Auk þess var boðið fulltrúum iðnrekenda og fiskútflýjtjenda og aðilum vinnumarkaðarins. Ræðumenn voru Hannes Hafstein, Þórhallur Ásgeirsson, Ólafur Davíðsson, Magnús Gunnarsson, Ásmundur Stefánsson og Kjartan Jóhannsson.

Markmið fundarins var tvíþætt, annars vegar að kynna þá þróun sem nú á sér stað innan Evrópubandalagsins og áhrif hennar á Norðurlönd og hins vegar að varpa ljósi á hagsmuni Íslands af norrænu samstarfi á alþjóðavettvangi í tilefni af könnun á því sem Norðurlandaráð hefur hafið. Í kaflanum um forsætisnefnd er nánar vikið að nefnd þeirri sem skipuð hefur verið til að framkvæma könnunina. Fundinn sóttu um 40 manns.

Í tilefni þess að hafin er að ósk finnskra fulltrúa í Norðurlandaráði túlkun á flestum nefndarfundum Norðurlandaráðs milli dönsku, norsku og sænsku annars vegar og finnsku hins vegar var því lýst yfir að jafnskjótt sem óskir þar að lútandi bærust yrðu gerðar ráðstafanir til að veita þeim íslensku fulltrúum, sem þess óskuðu, sams konar þjónustu á nefndafundum.

Á fundi í Íslandsdeild kom fram sú tillaga að breyta bæri gildandi reglum um úthlutun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs þannig að unnt væri að leggja fram íslenskar bækur sem enn hefðu ekki verið þýddar á önnur norræn mál. Um tillögu þessa urðu fulltrúar þó ekki á eitt sáttir.

Deildin fjallaði sérstaklega um nokkur þeirra tilmæla til ráðherranefndar Norðurlanda sem samþykkt höfðu verið á fyrri þingum. Meðal annars var skýrt frá því að tillögurnar um líftæknistofnun á Íslandi og um samstarf um jarðskjálftamælingar hefðu leitt til þess að fjármunum hefði verið veitt til norrænna verkefna sem væru í samræmi við íslenska hagsmuni.

Skömmu fyrir 35. þing Norðurlandaráðs hafði verið lögð fram þingmannatillaga um norræna samstarfsáætlun gegn mengun sjávar sem Guðrún Helgadóttir var fyrsti flutningsmaður að. Afgreiðslu tillögunnar var frestað þar sem áform voru uppi um að ráðherranefnd-

in legði fram slíka starfsáætlun þegar á 36. þingi ráðsins. Sú varð þó ekki raunin og tillaga Guðrúnar Helgadóttur o.fl. var samþykkt á 36. þingi Norðurlandaráðs.

Kynnt var á fundi deildarinnar hugmynd um að stofnuð yrði í tengslum við Norræna húsið í Reykjavík norræn kennslugagnamiðstöð sem hefði það hlutverk að styðja kennslu í norrænum málum í skólum landsins. Þessari tillögu var komið á framfæri í fjárlaga- og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs sem lagði til á 36. þingi ráðsins að kannaðir yrðu möguleikar á stofnun slíkrar miðstöðvar sem eins konar útibús frá norrænu mál- og upplýsingastöðinni í Helsinki, jafnframt því sem endurskoðun á starfsemi þeirrar stöðvar og málstöðvarinnar í Ósló færi fram.

Óli Þ. Guðbjartsson kynnti á fundi deildarinnar tillögu, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um tölvuupplýsingabanka. Tillagan hefur ekki hlotið afgreiðslu ráðsins ennþá.

2. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Á 35. þingi Norðurlandaráðs var finnski þingmaðurinn Elsi Hetemäki-Olander kjörinn forseti ráðsins. Aðrir fulltrúar í forsætisnefnd voru kjörnir dönsku þingmennirnir Margrete Auken og Anker Jørgensen, finnski þingmaðurinn Peter Muurman, íslensku þingmennirnir Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson, norsku þingmennirnir Jo Benkow og Kjell Magne Fredheim og sænsku þingmennirnir Karin Söder og Grethe Lundblad. Að tillögu Finnlandsdeildar Norðurlandaráðs 9. apríl 1987 tók finnski þingmaðurinn Ilkka-Christian Björklund sæti Peters Muurman í forsætisnefndinni og að tillögu Noregsdeildar þann 3. nóvember 1987 tók Jan P. Syse sæti Jo Benkow.

Frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 36. þings þess hélt forsætisnefnd níu fundi. Auk þess hélt hún einn fund með forsætisráðherrum landanna, tvo fundi með samstarfsráðherrum og einn fund með formönnum fastanefnda ráðsins.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrunum var m.a. rætt um áhrif fyrirhugaðs innri markaðs Evrópubandalagsríkjanna á Norðurlönd. Fram kom að samningar og samskipti Norðurlanda og Evrópubandalagsins færu fram bæði innan EFTA, á norrænum grundvelli og sem tvíhliða samningar einstakra ríkja við Evrópubandalagið.

Á fundum forsætisnefndar með samstarfsráðherrum var m.a. rætt um þróunina í Evrópu, fyrirhugaða ráðstefnu Norðurlandaráðs um mengun hafsins, fjármögnun norræns samstarfs og norrænu samstarfsáætlunina „Norden i vekst“.

Norðurlandaráð samþykkti á 34. þingi sínu tillögu um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi. Ekki tókust samningar við ráðherranefnd Norðurlanda um skipun nefndar þeirrar sem farið var fram á í tillögunni að skipuð yrði í samráði við forsætisnefnd. Því skipaði forsætisnefnd sjálf nefnd til að sinna verkefnum þessum og setti nefndinni starfsreglur. Í nefndina voru skipaðir eftirgreindir fulltrúar: Lone Dybkær og Ivar Nørgaard frá Danmörku, Ilkka-Christian Björklund og Ingvar S. Melin frá Finnlandi, Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson frá Íslandi, Jo Benkow og Theo Korizinsky frá Noregi og Arne Gadd og Karin Söder frá Svíþjóð. Karin Söder var jafnframt skipuð formaður. Arne Skauge tók eftir áramót sæti Jo Benkow í nefndinni. Nefndinni ber að ljúka störfum fyrir lok árs 1988 en hún á meðal annars að meta þörfina á auknu norrænu samstarfi á alþjóðavettvangi á sviði umhverfisverndar, þróunarhjálp, menningar-, fíkniefna- og jafnréttismála. Sérstaklega skal hún huga að efnahagssamstarfinu á alþjóðavettvangi innan GATT og OECD. Loks skal nefndin kanna þýðingu þess að aðild Norðurlanda að EFTA og Evrópubandalaginu er ekki á sama veg farið. Upplýsinga fyrir nefndina, að því er Ísland varðar, mun Helgi Ágústsson sendiherra afla.

Markmið þeirrar alþjóðlegu ráðstefnu í Kaupmannahöfn um mengun sjávar, sem Norðurlandaráð stendur fyrir haustið 1989, er að beina athygli að þeirri hættu sem lífríki sjávar stafar af mengun. Til ráðstefnunnar hefur verið boðið fulltrúum 18 þjóðþinga auk nokkurra alþjóðastofnana.

3. Fastanefndir Norðurlandaráðs.

3.1. Laganefnd.

Laganefnd hélt sex fundi á tímabilinu frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 36. Einn þessara funda var haldinn með dómsmálaráðherrum landanna.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen og varaformaður til 3. nóvember 1987 Friðjón Þórðarson alþingismaður. Þá tók Sverrir Hermannsson við varaformennsku og gegndi henni til loka 36. þings Norðurlandaráðs 11. mars 1988 en þá tók Eiður Guðnason alþingismaður við formennsku og danski þingmaðurinn Hagen Hagensen við varaformennsku.

Til nefndarinnar var vísað á árinu fimm þingmannatillögum. Hún lauk meðferð sex tillagna og lagði til að tvær þeirra yrðu felldar en fjórar samþykktar. Auk þess fékk hún til umsagnar tvær ráðherra nefndartillögur, aðra um norræna samstarfsáætlun um neytendamál og hina um norræna samstarfsáætlun um líftækni.

Þingmannatillögurnar vörðuðu meðal annars neytendamál, þjóðskrá, orsakir launamismunar kynjanna og skattafrádrátt vegna fasteigna í öðru norrænu landi en heimalandinu.

Á vegum nefndarinnar voru haldnar tvær námsstefnur á árinu, önnur um fyrirhugaða samstarfsáætlun á sviði löggjafar og hin um málefni flóttafólks. Þessi málefni auk neytendamála voru að mati nefndarinnar mikilvægust þeirra mála sem hún fjallaði um á árinu.

Af Íslands hálfu tóku, auk íslenska fastafulltrúans í nefndinni, Þórður Ásgeirsson þátt í námsstefnunni um málefni flóttafólks og Sigurður Líndal í námsstefnunni um löggjafarmál.

3.2. Menningarmálanefnd.

Á tímabilinu frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 36. hélt menningarmálanefnd sjö nefndarfundi og var einn þeirra haldinn með menningar- og menntamálaráðherrum landanna. Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþingismaður og varaformaður grænlencki þingmaðurinn Otto Steenholdt. Við lok 36. þings Norðurlandaráðs, 11. mars 1988, tók danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen við formennsku nefndarinnar og Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður við varaformennsku.

Helstu mál menningarmálanefndar voru, eins og undanfarin ár, undirbúningur að norrænu samstarfsáætluninni um menningarmál, fjölmiðlamálin og þær þingmannatillögur sem vísað var til nefndarinnar. Nefndin lauk á fundi sínum í maí umfjöllun um þingmannatillögu um hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf á Norðurlöndum. Að tillögu nefndarinnar samþykkti forsætisnefnd á fundi síðar í sama mánuði tilmæli til ráðherra nefndar Norðurlanda um að uppbygging hljóðvarps- og sjónvarpssamstarfsins yrði færð í þann farveg að unnt yrði að senda sjónvarpsefni á fjórum rásum beint um gervihnött, auk þess sem norræn þáttagerð yrði styrkt. Sú tæknibreyting sem þurfti til að verða við þessum tilmælum var ekki gerð. Norrænt samstarf um sjónvarpsmál var til umræðu á fundi forsætisnefndar og forsætisráðherra og kom þar fram áhugi af hálfu forsætisráðherra Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á að kanna möguleika á sendingum á þremur rásum. Með þremur rásum væri hægt að senda efni beint frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og að einhverjum hluta íslenskt og danskt efni.

Nefndin fjallaði og um þingmannatillögu um evrópskar sjónvarpssendingar. Að tillögu nefndarinnar mæltist forsætisnefnd til þess að ráðherra nefnd Norðurlanda hlutaðist til um að unnið yrði að gerð evrópsks milliríkjasamnings um sjónvarpssendingar milli landa. Samningur þessi ætti að mati nefndarinnar að innihalda reglur um vernd barna og unglinga, um efni sendinga, auglýsingar o.fl.

Í nefndaráliti sínu um þingmannatillögu um vernd menningarsögulegra minja og minnismerkja á Norðurlöndum mæltist nefndin til þess að gerð yrði samstarfsáætlun um

samstarf um verndun þessara minja. Eiidur Guðnason var fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu.

Nefndin fjallaði á árinu m.a. um tillögur varðandi túlkun á norrænum fundum félagasamtaka og áhugamannafélaga og opinberan stuðning til þess; um norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu og um norræn tækniverðlaun.

Nefndin er í sambandi við ýmsar alþjóðastofnanir um menningarmál m.a. Evrópuráðið, Evrópuþingið og UNESCO. Formaður nefndarinnar og ritari heimsóttu í maí 1987 skrifstofur Evrópuráðsins, UNESCO, Evrópubandalagsins og OECD. Til umræðu í þessum heimsóknum voru aðallega nemenda- og stúdentaskipti í Evrópu, samstarf um menntamál og rannsóknir ásamt aðgerðum til verndunar menningarsögulegum minjum og byggingum frá skemmdum af völdum mengunar.

3.3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Á starfsárinu hélt félags- og umhverfismálanefnd sjö fundi auk þriggja funda með ráðherranefnd Norðurlanda. Formaður nefndarinnar var Marjatta Väänänen og varaformaður Svein Alsaker.

Flestar þeirra tillagna, sem samþykktar voru á sviði nefndarinnar á 35. þingi ráðsins, voru um félags- og heilbrigðismál en á árinu 1987 hefur starfið að mestu snúist um umhverfismál. Nefndin hélt fund í maí með þeim ráðherrum sem fara með umhverfisvernd til að ræða drög ráðherranefndarinnar að samstarfsáætlun gegn mengun sjávar.

Í nóvember ræddi nefndin bæði við félags- og heilbrigðisráðherra landanna um fyrirhugaða samstarfsáætlun um félags- og heilbrigðismál og við þá ráðherra sem fara með mál er snerta aðbúnað á vinnustöðum, vinnutíma o.fl. Tilgangur síðarnefnda fundarins var að ræða, á grundvelli nýgerðrar úttektar, forsendur þess að ná samstöðu um norrænan milliríkjasamning um aðbúnað á vinnustöðum o.fl.

Tillögur þær, sem fyrir nefndinni lágu, fjölluðu m.a. um aðgerðir til að minnka brennisteins- og köfnunarefnisútsreymi, meðferð sorps og um aðgerðir gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Stefán Benediktsson var fyrsti flutningsmaður síðastnefndu tillögunnar.

Í ljós kom síðla árs 1987 að ráðherranefnd Norðurlanda mundi ekki leggja fyrir 36. þing Norðurlandaráðs tillögu um samstarfsáætlun gegn mengun sjávar, svo sem vonir höfðu staðið til. Jafnframt kom í ljós að þau drög að samstarfsáætlun, sem unnið var að, mundu ekki ná til hafsvæðanna kringum Ísland, Grænland og nyrðri hluta Noregs. Íslenski fulltrúinn í nefndinni lagði því á það ríka áherslu að samþykkt yrði tillaga sem Guðrún Helgadóttir var fyrsti flutningsmaður að um að ráðherranefndin legði fram fyrir 37. þing Norðurlandaráðs samstarfsáætlun gegn mengun hafsvæða þeirra sem liggja að Norðurlöndum öllum. Tillaga þessa efnis var lögð fyrir og samþykkt af 36. þingi Norðurlandaráðs.

3.4. Samgöngumálanefnd.

Á starfsárinu hélt samgöngumálanefnd fimm nefndarfundi auk tveggja funda með samgöngumálaráðherrum og þeim ráðherrum sem fara með umferðaröryggismál. Nefndin hélt tvær námsstefnur, aðra um tölvumál og hina um umferðaröryggismál.

Formaður nefndarinnar var Elver Jonsson og varaformaður Sakari Knuutila.

Að mati nefndarinnar voru mikilvægustu málin á starfsárinu umferðaröryggismál, siglingamál og tölvumál.

Fimm þingmannatillögum var vísað til nefndarinnar. Þær vörðuðu m.a. samræmdar aðgerðir á sviði siglingamála, notkun bílasíma, umferðarvanda stórborga og póstsamgöngur.

Vegna tillögunnar um bílasíma lagði nefndin til að kannað yrði hvort bílasímar auki slyshættu og að almenningur verði upplýstur um það hvernig tæki þessi verði notuð án þess

að það leiði af sér aukna umferðarhættu. Jafnframt lagði nefndin til að stuðlað verði að þróun þessarar tækni í þá átt að sem minnst hætta stafi af í umferðinni.

Í tilefni tillögunnar um samræmdar aðgerðir á sviði siglingamála komst nefndin að þeirri niðurstöðu að sú hraða neikvæða þróun, sem orðið hefði á Norðurlöndum á sviði siglinga, hefði leitt til þess að ekki væru lengur forsendur fyrir norrænu samstarfi.

Nefndin lagði til að samþykkt yrði tillaga frá ráðherranefnd Norðurlanda um samstarfsáætlun um umferðaröryggismál. Nefndin hafði fyrr á starfsárinu lýst yfir óánægju með þau drög að samstarfsáætlun sem lögð höfðu verið fyrir hana þar eð markmiðslýsingu vantaði. Leiddi það til framlagningar þeirrar endurskoðuðu samstarfsáætlunar sem síðan var samþykkt.

3.5. Efnahagsmálanefnd.

Á starfsárinu hélt efnahagsmálanefnd fimm fundi og voru tveir þeirra með ráðherranefnd Norðurlanda, annar með fjármálaráðherrum og hinn með iðnaðarráðherrum. Formaður nefndarinnar var Jan P. Syse og varaformaður Arne Gadd.

Nefndin lauk umfjöllun um sex þingmannatillögur og sex ráðherranefndartillögur. Efni þingmannatillagnanna varðaði m.a. norrænt samstarf um þróunarhjálp, norrænt samstarf um nýtingu á gasi sem orkugjafa, skattafrádrátt vegna fasteigna í öðru landi en heima-landinu og áætlun um kjarnorkulaus Norðurlönd.

Nefndin lagði til að samþykkt yrði ráðherranefndartillaga um stofnun norrænnar iðnaðarmiðstöðvar í Ósló. Starfsemi hennar er ætlað að efla þróun og auka vöxt í atvinnulífi á Norðurlöndum. Starfsemi Nordforsk og Norræna iðnþróunarsjóðsins verður felld inn í starfsemi hinnar nýju miðstöðvar sem á að hefja störf þegar á árinu 1988.

Nefndin lagði til að samþykkt yrði ráðherranefndartillaga um samstarfsáætlun á sviði líftækni. Ætlunin er að veita 25–55 millj. danskra króna til starfsins á ári á tímabilinu 1989–1992. Áhersla verði lögð á rannsóknir þar sem fyrir hendi er þekking á Norðurlöndum og sem nýtast ætti í vísindasamstarfi milli landanna.

Loks lagði nefndin til að samþykktar yrðu tillögur um norræna starfsáætlun um þróunarástod; um norrænan þróunarsjóð með stofnfé að upphæð 300 milljónum SDR, um að lánastarfsemi Norræna fjárfestingarbankans til byggðamála, sem komið hefði verið á til reynslu, yrði haldið áfram og um að Norræni verkefnalánasjóðurinn (Nordisk Projektexportfond) yrði gerður að norrænni stofnun.

3.6. Fjárlaga- og eftirlitsnefnd.

Fjárlaga- og eftirlitsnefnd hóf störf samkvæmt breytingum á þingsköpum ráðsins sem gengu í gildi 12. febrúar 1986. Í nefndinni sitja 14 fulltrúar og eru meðal þeirra formenn allra fastanefnda ráðsins. Nefndin hefur m.a. það hlutverk að samræma sjónarmið og tillögur hinna nefndanna um fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda. Auk þess ber nefndinni að fjalla um þær þingmannatillögur sem lagðar eru fram í ráðinu varðandi fjármál og eftirlit og að hafa eftirlit með starfsemi norrænna stofnana og með annarri notkun norræns fjármagns.

Formaður nefndarinnar er Ivar Hansen og varaformaður Ingrid Sundberg.

Þær reglur, sem nú gilda um meðferð fjárlaga ráðherranefndar Norðurlanda, eru í stuttu máli þannig að Norðurlandaráðsþing tekur á vori afstöðu til fjárhagsáætlunar næsta árs, en endanleg fjárlagatillaga er lögð fyrir fastanefndirnar og forsætisnefnd á hausti. Forsætisnefnd samþykkir því næst, á grundvelli nefndarálits fjárlaga- og eftirlitsnefndar, tilmæli um fjárlagatillögu næsta árs og leggur þau fyrir ráðherranefnd. Eftir það afgreiðir ráðherranefnd endanlega fjárlögin.

Fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1988 eru 564 957 000 danskar krónur. Ráðherranefndin hefur lýst því yfir að eðlileg raunaukning fjárlaganna á ári á tímabilinu frá 1989 til 1990 sé 3%.

Á vegum nefndarinnar starfar vinnuhópur, sem í eiga sæti þeir níu nefndarfulltrúar sem ekki eru formenn hinna fastanefndanna. Vinnuhópurinn hefur með höndum undirbúning eftirlitsstarfa nefndarinnar. Á árinu 1987 lét nefndin fara fram endurskoðun á norrænu samstarfi á sviði skólamála. Sérstaklega var könnuð starfsemi Norrænnar málstöðvar í Ósló, Norrænu mála- og upplýsingamiðstöðvarinnar í Helsinki og stýrihópsins um norrænt samstarf í skólamálum (NSS). Nefndin lagði til, að könnun þessari lokinni, að ráðherranefndin mæti þær tillögur sem lagðar voru fram um samræmingu á kennslu í norrænum málum.

4. Tímaritið Nordisk Kontakt.

Tímaritið Nordisk Kontakt kemur út í 17 tölublöðum á ári. Prentuð eintök eru 10 000. Í ritstjórn eiga sæti aðalritstjóri, ritari og fimm ritstjórar með aðsetur hver í sínu heimalandi. Ritstjórnarfundir eru haldnir fjórum sinnum á ári.

Aðalritstjóri tímaritsins er Einar Karl Haraldsson og hefur hann aðsetur á skrifstofu forsætisnefndar í Stokkhólmi. Íslenski ritstjórinn er Björn Jóhannsson.

Í ritstjórnarnefnd tímaritsins eiga sæti tíu þingmenn. Formaður var á starfsárinu Guðrún Helgadóttir alþingismaður og varaformaður norskri þingmaðurinn Reulf Steen.

5. 36. þing Norðurlandaráðs í Ósló 7.–11. mars 1988.

5.1. Almennu umræðurnar á þinginu.

Umræðurnar hófust með stuttu ávarpi fráfarandi forseta *Elsi Hetemäki-Olander*. Að því loknu ávarpaði nýkjörinn forseti, *Jan. P. Syse*, þingið. Þá fylgdi formaður ráðherranefndar Norðurlanda, *Bjarne Mørk Eidem*, úr hlaði skýrslum ráðherranefndarinnar um starfið á liðnu ári og það starf sem áætlað er næstu ár. Hann varði miklum hluta ræðutíma síns til að ræða um áhrif þeirrar þróunar, sem nú á sér stað í Evrópu, á Norðurlönd og kvað menn almennt vera á einu máli um að norrænt samstarf ætti erfitt uppdráttar einangrað frá þróuninni í Vestur-Evrópu. Hann kvað það mikið áhugamál allra á Norðurlöndum að löndin verði áfram samkeppnisfær á mörkuðum Evrópu og að þjóðirnar geti tekið þátt í því samstarfi sem er að þróast þar á sviði menningar, vísinda og tækni. Þó að þau landanna sem ekki eru í Evrópubandalaginu séu í EFTA, þá er einnig þörf á að samræma afstöðu og sjónarmið á norrænum grundvelli. Í samræmi við óskir Norðurlandaráðs hefur ráðherranefndin falið embættismannanefndum þeim sem starfa á vegum ráðherranefndarinnar að gera yfirlit yfir þær afleiðingar sem ætla má að fyrirhugaður innri markaður Evrópubandalagsins hafi á Norðurlönd. Á grundvelli þessa hefur því verið beint til ráðherranefndanna að kanna hvaða norræn samstarfsverkefni tengd innri markaðinum gætu bætt stöðu landanna. Einnig er unnið að því á vegum ráðherranefndarinnar að kanna á hvaða sviðum Norðurlandþjóðirnar gætu í sameiningu haft áhrif á þróunina í Evrópubandalaginu. Þá er og unnið að því að leita þeirra sviða þar sem nýta má í norrænu samstarfi það sem áunnist hefur í samstarfinu innan Evrópubandalagsins.

Hann ræddi og um samstarfsáætlunina um efnahagsmál „Norden i vekst“, um Tækníarið 1988, samstarfsáætlunina á sviði tölvutækni, Nordplus-áætlunina um samstarf norrænna háskóla og stúdentaskipti og Nordisk Forum, en búist er við að 7000–8000 konur alls staðar að á Norðurlöndum taki þátt í því.

Þau mál sem oftast bar á góma í almennu umræðunum voru umhverfismál, efnahagssamstarf Norðurlanda, þróunin innan Evrópubandalagsins í átt að sameiginlegum innri markaði og samræming norrænna aðgerða af því tilefni og menningar- og

menntamálasamstarf Evrópubandalagsins. Það olli mjög almennri óánægju að ráðherra- nefnd Norðurlanda skyldi hvorki hafa lagt fram samstarfsáætlun um umhverfismál almennt né um hafsmengun. Þá var og að venju rætt um hljóð- og sjónvarpssamstarf, NORDPLUS áætlunina, og evrópsku samstarfsáætlanirnar EUREKA OG ERASMUS.

Eiður Guðnason alþingismaður fjallaði í ræðu sinni um hina nýju samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um menningarmál. Samkvæmt áætluninni væri nýs átaks að vænta auk þess sem miðstýring á sviði menningarsamstarfsins mundi minnka og fjárveitingar aukast. Hann kvað sumar þeirra breytinga sem áformaðar væru valda áhyggjum og kvaðst ekki í fljótu bragði sjá hvaða akkur væri í sumum þeirra. Hann sagðist hafa nokkrar áhyggjur af breyttum reglum um veitingu tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hins vegar kvaðst hann binda vonir við fyrirhugaðar breytingar á norræna menningarmálasjóðnum.

Hann kvað skammsýni hafa ráðið því að samstarf á sviði sjónvarpsmála hefði ekki borið ávöxt. Hann gat þess í lok ræðu sinnar að danska, norska og sænska væru mörgum þingmönnum það framandi að enska væri þeim tamari. Sams konar vanda ættu Grænlandingar og Færeyingar við að stríða og nú væri orðið tímabært að túlka, ekki bara milli finnsku og skandinavísku málanna, heldur einnig milli íslensku, færeysku og grænlensku og hinna málanna.

Jón Sigurðsson, dóms- og viðskiptaráðherra, kvað í ræðu sinni Norræna fjárfestingarbankann vera lýsandi dæmi um árangur norræns samstarfs. Hann kvað stöðu bankans það sterka að fyrsta tapið sem hann hefði orðið fyrir, en það var í fyrra, hefði naumast veikt stöðu hans og lánstraust sem nokkru næmi. Hann kvað verkefnalánasjóð bankans, sem veitti fyrirtækjum lán til verkefna utan Norðurlanda, hafa gefið góða raun. Hann lýsti og ánægju yfir þróunarlánasjóðnum sem hefði það hlutverk að styðja þróunarlöndin og auka útflutning þangað frá Norðurlöndum. Hann upplýsti að ríkisstjórn Íslands hefði ákveðið að gerast aðili að sjóðnum þó að starfsemi hans kæmi líklega að minna gagni hér á landi en annars staðar.

Hann lýsti ánægju með árangur EFTA samstarfsins og kvað aðild Dana að Evrópubandalaginu hafa auðveldað hinum norrænu þjóðunum samstarf við bandalagið. Hann lagði áherslu á að í norrænu samstarfi um efnahagsmál þyrfti að taka mið af þróuninni í Evrópubandalaginu.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður kom með þá athugasemd í tilefni ræðunnar að samkvæmt reglum Norræna fjárfestingabankans ætti að krefjast ábyrgðar á útlánum hans og kvað það hafa orðið áfall fyrir marga að bankinn hefði tapað sex miljónum SDR er Kongsbergs vopnaverksmiðjan varð gjaldþrota.

Páll Pétursson alþingismaður taldi gott að eiga heima á Norðurlöndum og kvað norrænt samstarf einstakt í heiminum. Hann minnti á þörf þess að standa vörð um menningu okkar og umhverfi. Hann lýsti stofnun nefndar þeirrar sem forsætisnefnd skipaði til að kanna norrænt samstarf á alþjóðavettvangi og varaði við þeirri trú að Evrópubandalagið ætti að skyggja á annað alþjóðlegt samstarf. Hann kvað alþjóðasamstarf um umhverfismál, þróunar- og menningarmál, jafnréttis- og fíkniefnamál verða aðalstarf nefndarinnar.

Hann kvað EFTA-samstarfið vera okkur og öðrum EFTA-þjóðum afar mikilvægt en átalði Svía fyrir að standa í vegi fyrir því að fríverslun með fisk og fiskafurðir fengist samþykkt í EFTA.

Matthías Á. Mathiesen, samgönguráðherra og samstarfsráðherra, lýsti ugg sínum yfir því hvert yrði hlutskipti landa utan Evrópubandalagsins þegar innri markaðurinn væri að fullu orðinn að veruleika 1993 og spurði hvort við sem stæðum utan við yrðum þá eins konar útilegumenn. Hann minnti á hve efnahagssamstarf landanna hefði styrkst bæði inn á við og út á við. Hann lýsti óánægju yfir að ekki hefðu tekist samningar um fríverslun með fisk og fiskafurðir innan EFTA-ríkjanna. Hann mælti með að norrænu ríkin könnuðu ítarlega kosti og galla aðildar að Evrópubandalaginu áður en ákvörðun um aðild eða annars konar samninga við bandalagið væri tekin. Jafnframt þyrfti að auka upplýsingar til almennings um allar hliðar málsins.

Porsteinn Pálsson forsætisráðherra kvað þær öru breytingar, sem nú ættu sér stað á öllum sviðum, valda því að ástæða væri til að endurmeta hvaða markmið ætti að setja norrænu samstarfi. Vegna þeirra alþjóðlegu menningaráhrifa, sem flæddu yfir þjóðir heims og þeirra á meðal þjóðir Norðurlanda, kvað hann eitt mikilvægasta hlutverk Norðurlandaráðs vera að styrkja samstarfið á sviði menningarmála. Á sviði efnahagsmála minnti hann m.a. á nauðsyn þess að styrkja útflutningsatvinnuvegina og afnema viðskiptahöft. Hann kvað aðild Íslands að Evrópubandalaginu ekki vera á dagskrá og minnti á að samningar um fiskveiðiréttindi innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi kæmu ekki til greina. Ísland gæti heldur ekki orðið hluti af sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði. En þýðing Evrópubandalagsins og Japans ykist þó stöðugt á kostnað EFTA-landanna, Bandaríkjanna og Austur-Evrópu.

Hann kvað umhverfisvernd vera mál sem í síauknum mæli yrði að takast á við á alþjóðavettvangi, í Norðurlandaráði og annars staðar. Hann minnti á þau náttúruauðæfi sem vatnsaflíð er og nefndi þær umræður sem orðið hafa um mögulega raforkusölu um sæstreng til Skotlands þó að hún yrði væntanlega ekki framkvæmd á næstu árum. Þar sem þessir orkuflutningar gætu komið að einhverju leyti í stað kjarnorkuframleiðslu gætu þýðing þeirra orðið mikil.

Hann minnti að lokum á að það væri ekki lengur vafa undirorpið að norrænt samstarf ætti fullan rétt á sér, en spurningin væri hvernig bæri að haga því. Mikilvægt væri að styrkja samstarf þjóðþinganna og ríkisstjórnanna en ekki væri síður mikilvægt að gefa almenningi kost á að kynnast öðrum norrænum þjóðum og menningu þeirra.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður átaldi í ræðu sinni slælegan fréttáflutning frá þingi Norðurlandaráðs í norska sjónvarpinu og kvað áhuga á norrænu samstarfi meiri á Íslandi, það væri vegna þeirrar nauðsynjar sem norrænt samstarf væri Íslendingum. Hún taldi að þeir erfiðleikar, sem blöstu við norrænu ríkjum gagnvart Evrópubandalaginu, gerðu það ef til vill að verkum að hugmyndir fyrri ára um Nordek virtust nú kannski ekki svo fráleitir. Sterkt norrænt samstarf þjónaði ekki alltaf hagsmunum einstakra ríkja en það styrkti þau pólitískt gagnvart Evrópu. Hún kvað stöðu Evrópu vera að breytast og hagvöxt Evrópubandalagsríkjanna vera lágan. Ástæðulaust væri því fyrir Norðurlönd að fylgja ekki eftir hugmyndum sínum um þjóðfélagsform og náttúruvernd.

Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni að þó að Norðurlönd hefðu ekki getað sameinast um stefnu í utanríkismálum væri norrænt samstarf mikilvægt. Bættar samgöngur og fjarskipti hefðu gjörbreytt heiminum og þýðing utanríkisviðskipta ykist stöðugt. Það væri skylda Norðurlanda að leitast við að hafa jákvæð áhrif á þróun heimsmála.

Það kom fram hjá utanríkisráðherra að útflutningsverðmæti Íslendinga er jafnvirði helmings þjóðarframleiðslu þeirra og innflutningur jafnvirði helmings þjóðartekna. Vestur-

Evrópa er stærsti viðskiptaaðili Íslendinga og Evrópuþjóðum viljum við tengjast öðrum fremur. Hins vegar kvað ráðherrann ríkisstjórn Íslands ekki telja aðild að Evrópubandalaginu koma til greina.

Hann nefndi mikilvægi þess að gera Norðurlönd að sameiginlegum heimamarkaði og vísaði til ræðu Ingvars Carlsson forsætisráðherra Svía um það. Hann kvað þó slíkan heimamarkað lítils virði ef hann næði ekki til fisks og fiskafurða. Hann taldi að fríverslun ætti helst að ná til allra framleiðsluvara nema landbúnaðarvara.

Óli P. Guðbjartsson alþingismaður kvað norrænt samstarf vera einstætt í sinni röð, enda byggði samstarfið á traustum grunni sameiginlegrar menningar. Hann kvað einna mikilvægustu verkefnið vera umhverfisvernd og mengunarvarnir. Hann nefndi ráðstefnu samgöngumálanefndar um tölvutækni og þá þingmannatölu, sem hann væri fyrsti flutningsmaður að, um að kanna bæri möguleika þess að stofna samnorrænan tölvuupplýsingabanka. Að lokum fjallaði hann um mikilvægi efnahagssamstarfs ríkjanna og sameiginlegan norrænan heimamarkað.

5.2. Málafjöldi og afgreiðsla.

Fyrir þingið voru lagðar 44 þingmannatillögur og 10 ráðherranefndartillögur. Þingið samþykkti allar ráðherranefndartillögurnar og 33 þingmannatillögur. Fjöldi samþykktra tilmæla var 42 og bera þau númerin 4 til 45/1988. Fimm tillagnanna fjölluðu um samgöngur og umferðaröryggismál, 14 um félags- og umhverfismál, 11 um efnahags- og byggðamál, sex um menningar- og menntamál, fimm voru á sviði laganefndar og ein varðaði fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda.

Að loknum almennu umræðunum fóru fram umræður um málefni fastanefndanna og afgreiðslu tillagna. Þinginu lauk með umræðum um fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1989 og atkvæðagreiðslu þar sem þau voru samþykkt af þinginu.